

Sjálfsmat fyrir samræður

Þetta er sjálfsmat fyrir nemendur til að nota eftir að hafa átt samtali í litlum hópum eða pörum. Tilgangur þess er að hjálpa nemendum að íhuga ferlið og hvernig samræðurnar fóru fram en ekki niðurstöður samræðunnar.

Til viðbótar við þessa grunnstoð styður verkefnið grunnstoðina „Að læra gegnum samræður og samskipti“.

Áætluð útkoma - Nemendur eiga að:

- Geta velt fyrir sér eigin hegðun í samræðum í litlum hópi.
- Geta notað hvatningu sem sýnir áhuga þeirra á samtalinu.
- Geta metið hvernig þeir sýndu því sem aðrir höfðu að segja áhuga með því að nota hvatningu.
- Geta metið hvernig þeir byggðu á hugmyndum annarra í samræðunni.

Tími

Tímalengd þessa verkefnis ræðst af mörgum mismunandi breytum: aldri nemenda, reynslu, menningu í skólastofunni og hvernig þú útfærir verkefnið. Lágmarkstíminn sem þú ættir að nota í þetta verkefni eru 15 mínútur.

Efni

| Í kennslustofunni | Blandað nám |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none">• Afrit af matinu á pappír | <ul style="list-style-type: none">• Búðu til Google eyðublöð um sjálfsmatið: þú getur búið það til eða látið nemendur gera það sjálfa. <p>Frekari upplýsingar um stafræn verkfæri</p> |

Undirbúningur

Undirbúðu námsmat sem er viðeigandi fyrir getu nemenda. Matið getur verið á pappír eða á stafrænu formi. Hægt er að nota ritað mál eða lyndistákn (emojis) og önnur sjónræn hjálpartæki.

Þegar þú skoðar dæmin tvö um námsmat sem er að finna hér að neðan sérðu að þú þarft að vinna smá forvinnu með nemendum þínum um „eina rödd í einu“ –

Vinnuefni - ígrundun og mat

Þú getur fundið ferli til að setja upp samtöl í námsþættinum “Að læra gegnum samræður og samskipti”.

Undirbúðu einnig með nemendum spurningar sem hjálpa þeim að skýra hvað einhver er að segja og sýna forvitni. Svo sem: Geturðu sagt mér meira um það? Ég er ekki viss um að ég hafi skilið, geturðu endurtekið það sem þú varst að segja?

Skref-fyrir-skref leiðbeiningar

1 Innlögn

Afhentu nemendum sjálfsmatið þegar nemendur hafa lokið verkefninu sem krafðist þess að þeir töluðu saman í pörum eða í litlum hópum.

2 Sjálfsmat

Gefðu nemendum nægan tíma til að ljúka sjálfsmatinu.

3 Upprifjun

Safnaðu og rýndu sjálfsmatið. Hugleiddu sjálfsmat nemenda til að hjálpa þér að ákveða næstu skref. Til dæmis:

- Viltu eiga samtál við nemendurna um niðurstöður þínar (það sem þér fannst áhugavert í sjálfsmatinu)?
- Hvaða atriði voru það krefjandi fyrir nemendur að þau þurfi endurskoðun og auka æfingu?

Upprifjun #1 (fyrir lesendur og rithöfunda)










1. Tóku allir jafnan þátt í samtalinu? Ef ekki, hvað hefðir þú getað gert öðruvísi?
2. Varstu undirbúningur fyrir umræðuna nægur? Hvernig undirbjóstu þig?
3. Fylgdir þú reglunni um „eina rödd í einu“? Hvernig leið þér með það?
4. Notaðir þú hvatningu eins og „vinsamlegast segðu mér meira,“ og „geturðu endurtekið svo ég skilji?“
5. Byggðir þú á hugmyndum einhvers annars?

Upprifjun #2 (Notkun myndefnis) til að hlusta vandlega, tala, fá nýja hugmynd og vera tilbúinn.

Fræ- og plöntumyndirnar útskýra að allir eru að vaxa og æfa þessa færni. Fyrir hverja færni velja nemendur: Ég er rétt að byrja (ég er fræ), ég er að reyna meira (ég er ungplanta), ég er að verða öruggari (ég er lítil planta), mér líður vel með þetta (ég er tré).

Vinnuefni - ígrundun og mat

Dú getur lagt verkefnið fram á pappír eða búið til matsblað fyrir nemendur þína á Google Forms. Þegar þú ferð yfir svörin geturðu sýnt nemendum þínum niðurstöður spurningalistans og kennt þeim hvernig á að lesa línuritin.

| Tungumál | Sjónrænt |  |  |  |  |
|------------------------------|---|---|---|---|---|
| Hlusta vandlega |  | | | | |
| Spyrja/vera forvitinn |  | | | | |
| Tala |  | | | | |
| Fá nýja hugmynd |  | | | | |
| Vera tilbúinn |  | | | | |